

# TRYGGINGAEFTIRLITID

SUDURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. SÍMI 685188 FAX 685253

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGANEFND ALÞINGIS

Hr. formaður Sigbjörn Gunnarsson

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 115 / 766*

*kornudagur 25 / 3 1992*

Reykjavík, 25. mars 1992

**Efni: Frumvarp um Viðlagatryggingu Íslands og aðlögun að ákvæðum samnings um evrópskt efnahagssvæði í framhaldi fundar hjá nefndinni 23. mars sl.**

Samkomulag varð um það í samningaviðræðum um evrópskt efnahagssvæði að Viðlagatrygging Íslands yrði undanþegin ákvæðum þeirra tilskipana Evrópubandalagsins sem eru hluti samkomulagsdraga er samþykkt voru á seinni hluta árs 1991. Sama gildir um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar og ýmis sérfélög með einkaréttaráðstöðu og opinberar og hálf-opinberar stofnanir á ýmsum sérsviðum í Sviss, Þýskalandi, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu og Bretlandi.

Viðlagatrygging Íslands gegnir því sérstaka þjóðfélagslega hlutverki að veita váttryggingarvernd gegn náttúruhamförum og er sem slík ekki rekin á venjulegum viðskiptalegum grundvelli. Iðgjöld o.fl. lúta ekki markaðslögmálum, en verið er að leggja í sameiginlegan sjóð landsmanna fyrst og fremst til að mæta meiri háttar áföllum vegna náttúruhamfara. Á þessari sérstöðu er undanþága frá ákvæðum samnings um evrópskt efnahagssvæði reist.

Í þeim tilskipunum sem samningurinn tekur til, eins og hann liggur fyrir nú á váttryggingarsviði, eru engin ákvæði sem eru í andstöðu við gildandi lög um stofnunina eða það frumvarp sem nú liggur fyrir.

Sú stefna er mörkuð í þeim tilskipunum sem eru í undirbúningi á þessu sviði, og á tillöguformi hjá Evrópubandalaginu, að fella niður allar undanþágur er veita forrættindi og hamla samkeppni, sem mun hafa í för með sér að félög og stofnanir sem veita sams konar þjónustu verða í framtíðinni að starfa á jafnréttisgrundvelli.

Óvíst er hins vegar á þessari stundu hvaða skilyrði yrðu sett stofnun eins og Viðlagatryggingu Íslands. Líklegt má þó telja að, falli undanþága niður, verði að breyta lögum þannig - að öðru óbreyttu - að stofnunin starfi ekki á hinum almenna váttryggingarmarkaði. Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi eru ákvæði sem heimila Viðlagatryggingu Íslands að taka að sér ýmsar tegundir áhættu sem ekki eru lögboðnar en kaupa má hjá almennum váttryggingarfélögum. Ákvæði af þeim toga eru raunar einnig í gildandi lögum um stofnunina.

Hins vegar er óvíst, og þarf frekari athugunar við, með hvaða hætti fyrirkomulag og gildissvið viðlagatryggingar eigi og þurfi að vera á Íslandi til þess að samrýmist Evrópulöggjöfinni í framtíðinni og þörfum landsmanna fyrir vernd af þessu tagi.


*(framh...)*

Þær tilskipanir sem eru í undirbúningi hjá EB verða væntanlega hluti samnings um evrópskt efnahagssvæði á þessu ári og á síðari stigum, en á þessari stundu er óvíst hvenær þær taka gildi og hvenær þær eiga að vera komnar í framkvæmd. Geta jafnvel liðið einhver ár eftir 1.1.1993 þar til framkvæmd einstakra ákvæða verður komið á í aðildarríkjunum. Búast má við að sérfélög og stofnanir sem fengið hafa sérstakar undanþágur fái jafnvel enn frekari aðlögunartíma til að breyta lögum sínum og skipulagi.

Enda þótt hér sé um vangaveltur að ræða um tímamörk má telja að á þessari stundu sé ekki brýnt að taka endanlega afstöðu til aðlögunar Viðlagatryggingar Íslands að fyrirhuguðum EES-samningi, enda ekki gerlegt þar eð ekki er að öllu leyti vitað um þau skilyrði sem hugsanlega yrðu sett í þeim efnunum.

Brýnna má telja á þessu stigi að huga að því og taka afstöðu til, með hvaða hætti skal haga vernd af þessu tagi í þjóðfélaginu og hversu víðtæk hún á að vera, að hve miklu leyti hún á að vera lögbundin eða frjáls, á hvaða rekstrarformi viðlagatrygging skal vera, hvort hún á að vera í höndum sérstakrar stofnunar eða með öðru skipulagi, og koma til greina ýmsar lausnir í því efni.

Í fyrirliggjandi frumvarpi sem samið er á vegum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands, er ekki gerð gagnger úttekt á því mikilvæga máli sem vernd gegn náttúruhamförum er í þessu landi.

Virðingarfyllt  
TRYGGINGAEFTIRLITID  
  
Erlendur Lárusson

Afrit sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

EES02BE2/el